

Starfshópur um endurskoðun húsnæðisstefnu Hafnarfjarðar

2.fundur kl. 14:00 þriðjudaginn 9.febrúar 2021.

Mættir: Valdimar Víðisson, Skarphéðinn Orri Björnsson, Arnheiður Ásdís Kolbeins, Lovísa Traustadóttir, Friðþjófur Helgi Karlsson, Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu – og barnamálasviðs sem ritaði fundargerð.

1. Endurskoðun húsnæðisstefnu.

Í samræmi við ákvörðun fyrsta fundar starfshópsins hefur verið fenginn sérfræðingur til aðstoðar starfshópnum við endurskoðun húsnæðisáætlunarinnar. Guðmundur Pálsson, ráðgjafi hjá KPMG var fenginn til verksins og er hann mættur til fundarins. Guðmundur fór yfir helstu áherslur við endurskoðun áætlunarinnar, verklag, upplýsingaöflun o.fl. Húsnæðisáætlunin byggir á reglugerð nr. 1248/2018 og í henni er nokkuð skýrt hvað hún þarf að innihalda. Farið var yfir þann grunn sem þarf að uppfylla í húsnæðisáætlun. Kallað er eftir helstu gögnum sem þurfa að leggja til grundvallar. Næsta skref ráðgjafans er að kalla eftir upplýsingum frá ýmsum aðilum í sveitarfélaginu. Mikilvægt er að viðkomandi aðilar bregðist skjótt við og setji beiðnir um upplýsingagjöf vegna verkefnisins í forgang.

2. Erindi frá Samtökum aldraðra, byggingarsamvinnufélags.

Lagt fram erindi frá Samtökum aldraðra, byggingarsamvinnufélags, þar sem fram kemur ósk um viðræður um að félaginu verði úthlutað lóð í Hafnarfirði til byggingar fjölbýlishúss/a fyrir aldraða í Hafnarfirði. Á fundi bæjarráðs var erindinu vísað til umfjöllunar í fjölskylduráði sem m.a. bókaði á fundi sínum þann 18.desember 2020 eftirfarandi:

„Fjölskylduráð tekur jákvætt í erindið og óskar eftir að starfshópur um húsnæðisáætlun Hafnarfjarðar sem vinnur að uppfærslu á húsnæðisáætlun Hafnarfjarðar taki erindið til skoðunar í sinni vinnu.“ Starfshópurinn tekur jákvætt í erindi Samtaka aldraðra og er sammála um að við endurskoðun húsnæðisáætlunarinnar verði litið til erindisins með jákvæðum hætti. Niðurstaða starfshópsins verði kynnt á næsta fundi fjölskylduráðs.

3. Upplýsingar um félagslegt húsnæði og sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk.

Fyrir fundinum liggja upplýsingar um fjölda félagslegra íbúða í sveitarfélaginu, fjöldi og samsetning biðlista, biðtími eftir félagslegu húsnæði, íbúðir fyrir fatlað fólk, húsnæðisáætlanir m.t.t. uppbyggingar í þágu fatlaðs fólks o.fl. Ráðgjafi starfshópsins fær upplýsingarnar í hendur til vinnslu.

Fundi slitið kl. 15:00.